



Borgarnesi 06.03 2019

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 3 apríl 2019. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 3 apríl verður sem hér segir:

- | | |
|----------|--|
| Kl.09.30 | Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands |
| Kl.10.15 | Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands |
| Kl.11.15 | Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands |
| Kl.12.15 | Hádegisverður |
| Kl.13.00 | Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands |
| Kl.14.00 | Kynning á rekstri Vesturlandsstofu. |
| Kl.14.30 | Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra. |

Eftirtaldir dagskráliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;


- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2018 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er

athygli á því að á Haustþingi SSV í september 2018 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2019.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þann dag, en rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að tilkynna hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á þeim fundum.

Virðingarfyllst


Páll S. Brynjarsdóttir
Framkvæmdastjóri SSV